

**Utanríkismálanefnd  
b/t. Nefndarritara  
Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík**

Reykjavík, 22. nóvember 2010.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um fríverslun við Bandaríkin, (95. mál).

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda tillögu sem felur í sér að hafnar verði viðræður við ríkisstjórn Bandaríkjanna um gerð tvíhliða fríverslunarsamnings milli landanna.*

Viðskiptaráð Íslands tekur undir þau sjónarmið að jákvæð áhrif geta fylgt samningi eins og þeim sem ofangreind tillaga felur í sér. Fríverslunarsamningur við eins öflugt markaðssvæði og Bandaríkin eru gætu opnað fyrir fjölbreytta möguleika fyrir Ísland. Það verður hins vegar að varpa fram þeirri spurningu hvort ekki sé réttara að slíkir samningar séu gerðir í samstarfi við önnur EFTA ríki og þá af hálfu EFTA, eins og tíðkast hefur fram að þessu.

Nokkrar atlögur hafa áður verið gerðar að slíkum samningi en mismunandi viðmið og markmið ríkjanna virðast hafa hindrað framgang þeirra. Í því ljósi er ástæða til að skoða hvaða forsendur voru að baki því að samningar náðust ekki í fyrri skipti og hvort slíkar forsendur séu enn til staðar eða hvort í raun séu til komin ný viðhorf.

Virðingarfyllst,



---

Þórdís Bjarnadóttir  
Lögfræðingur  
Viðskiptaráð Íslands